



Þingmannatillaga um verkefni sem ríkisstjórnirnar fela helstu ríkisstofnunum til að auðvelda frjálsa för borgara og fyrirtækja á Norðurlöndum

Mikilvægt samstarfssvið norrænnar samvinnu er vinnan við að ryðja úr vegi stjórnarsýsluhindrunum fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem starfa yfir landamæri Norðurlanda. Sumar stjórnarsýsluhindranir verður að leysa með lagabreytingum, á meðan leysa má aðrar innan stjórnarsýslunnar/á hagnýtum vettvangi.

Óháð því hvar lausnin á stjórnarsýsluhindrun liggur, þá er það vandamál í dag að ríkisstofnanir landanna hafa ekki það hlutverk sem hluta af reglulegri starfsemi sinni að tilkynna til ríkisstjórnanna um vandamál sem eru tilkomin vegna þess að lög og reglur ríkjanna, eða beiting norrænna eða evrópskra laga og reglna, virka ekki í samstarfi við önnur lönd.

Helstu ríkisstofnanir hafa heldur ekki það hlutverk í dag, sem hluta af reglulegri starfsemi sinni, að hrinda í framkvæmd breytingum á reglum eða að breyta starfsháttum til að auðvelda líf einstaklinga og fyrirtækja sem starfa yfir landamærin.

Helstu ríkisstofnanir Norðurlandanna (stjórnarskrifstofur, stjórnarstofnanir, ráðuneyti o.s.frv.) fá verkefni sín/umboð sitt frá viðkomandi ríkisstjórn á ólíka vegu. Ekki hvað síst er munur á milli landa sem búa við ráðherravald og landa með meira eða minna sjálfstæðar ríkisstofnanir. Í þessum verkefnalýsingum kemur venjulega fram hvaða valdsvið ríkisstofnunarinnar hefur, sem og hve mikla stjórnun smáatriða. Sum fyrirmæli eru almenns eðlis og gilda þar til annað kemur í ljós, á meðan önnur eru árleg og með meiri pólitískri stýringu.

Í þeim tilgangi að auðvelda frjálsa för borgara og fyrirtækja á Norðurlöndum væri æskilegt ef ríkisstjórnirnar, í verkefnaálykingum/pólitískum ákvörðunum sínum, fælu helstu ríkisstofnunum það verkefni að auðvelda frjálsa för borgara og fyrirtækja með einfölduðum reglum og hugsanlega breyttum starfsháttum, sem og að ríkisstofnanirnar fengju það verkefni að finna og skila skýrslum til ráðuneytanna þegar árekstrar í reglum Norðurlandanna koma í ljós í tengslum við beitingu reglna í hverju landi fyrir sig, á Norðurlöndunum og í Evrópu.

Því er lagt til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að ríkisstofnanir í löndunum fái, sem hluta af reglulegum verkefnum sínum, það verkefni að gera breytingar jafnóðum á reglum og skoða hagnýta beitingu gildandi reglna til að auðvelda frjálsa för borgara og fyrirtækja á Norðurlöndum;

að ríkisstofnunum í löndunum verði falið sem stöðugt verkefni að finna og tilkynna ríkisstjórnunum um stjórnsýsluhindranir sem bitna á einstaklingum og fyrirtækjum sem starfa yfir landamæri Norðurlandanna og sem koma í ljós við beitingu ríkisstofnananna á lögum eða reglum, með hliðsjón af sambærilegu regluverki á hinum Norðurlöndunum

Kaupmannahöfn, 9. október 2014

Anders Eriksson (ÅF)

Norðurlandaráð

A 1631/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Númer skjals 14-00263-1

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

A 1631/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Númer skjals 14-00263-1

Norðurlandaráð

A 1631/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Númer skjals 14-00263-1

Norðurlandaráð

A 1631/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Númer skjals 14-00263-1

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð
A 1631/presidiet

A 1631/presidiet

Forsætisnefnd
Fjallað um í:
Forsætisnefnd
Númer skjals 14-00263-1
Blaðsíða 2 af 2

Númer skjals 14-00263-1